

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1881****2017/EES/17/63****frá 24. október 2016**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 að því er varðar lágmarksvirkni 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), sem fóðuruakefni fyrir gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Notkun á 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594) og tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, var leyfð til 10 ára til notkunar sem fóðuruakefni fyrir alifugla, fráfarugrúsi, eldissvín og gyltur með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2012 ⁽²⁾.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir aukefninu sem um er að ræða, með því að lækka lágmarksvirkni þess úr 1 000 FYT/kg heilfóðurs í 500 FYT fyrir gyltur. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).
- 3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 26. janúar 2016 ⁽³⁾ að tillagður skammtur sé áhrifaríkur til að auka sýnilega niðurbrotshæfni fosfórs í saur við lágmarksvirkni sem nemur 500 FYT/kg heilfóðurs. Minnkun á skammti, sem er lagður til fyrir gyltur, myndi ekki breyta fyrri niðurstöðum að því er varðar öryggi fyrir gyltur, neytendur, notendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé öruggt fyrir gyltur, neytendur og umhverfið; það ertir hvorki húð né augu en ætti að meðhöndlast sem húðnæmir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað.
- 4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 25.10.2016, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 7.

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(2), 4393.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jean-Claude JUNCKER
forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkniefningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			

Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.

4a18	DSM Nutritional Products Ltd	6-fýtasi (EC 3.1.3.26)	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> (DSM 22594), með virkni að lágmarki:</p> <p>10 000 FYT ⁽¹⁾/g í föstu formi</p> <p>20 000 FYT/g í fljótandi formi</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> (DSM 22594)</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽²⁾</p> <p>Til að magnákværða 6-fýtasa í fóðri:</p> <p>Litmæling sem mælir ólífrænt fosfat sem 6-fýtasi leysir úr fýtati (ISO 30024:2009)</p>	Alifuglar	—	500 FYT	—	<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu.</p> <p>2. Ráðlagður skammtur á hvert kíló af heilfóðri fyrir:</p> <p>— alifugla, fráfærugrísir og eldissvín: 500–4 000 FYT,</p> <p>— gyltur: 500–4 000 FYT.</p> <p>3. Til notkunar í fóður sem inniheldur meira en 0,23% af fýtinbundnum fosfór.</p> <p>4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri hættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota viðeigandi persónuhlífar.</p> <p>5. Til notkunar fyrir fráfærugrísir, þar til þeir eru allt að 35 kg.</p>	9. október 2022
				Eldissvín Fráfærugrísir		Gyltur			

⁽¹⁾ 1 FYT er það magn ensíms sem leysir eitt mikrómol ólífræns fosfats á mínútu úr fýtati við hvarfskilyrði með fýtatastyrk, sem er 5,0 mM við pH-gildið 5,5 og 37 °C.

⁽²⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLS/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/646

2017/EES/17/64

frá 20. apríl 2016

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 6) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (EB) nr. 715/2007 er eitt sérstakra stjórnvaldsfyrirmæla samkvæmt gerðarviðurkenningaraðferðinni sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽²⁾.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 715/2007 er þess krafist að ný létt ökutæki uppfylli tiltekin viðmiðunarmörk fyrir losun og mælt fyrir um frekari kröfur um aðgang að upplýsingum. Þau sértæku, tæknilegu ákvæði sem nauðsynleg eru til að framkvæma ákvæði þeirrar reglugerðar voru samþykkt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ⁽³⁾.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur, á grunni eigin rannsókna og aðfenginna upplýsinga, gert ítarlega greiningu á aðferðum, prófunum og kröfum sem varða gerðarviðurkenningar sem eru settar fram í reglugerð (EB) nr. 692/2008 og komist að því að losun frá Euro 5/6 ökutækjum í raunverulegum akstri úti á vegum var umtalsvert meiri en sú losun sem var mæld með hinni nýju lögbundnu, evrópsku aksturslotu (NEDC), einkum með tilliti til losunar á köfnunarefnisoxíðum (NO_x) frá dísilknúnum ökutækjum.
- 4) Kröfurnar um losun vegna gerðarviðurkenninga fyrir vélknúin ökutæki hafa smám saman verið hertar umtalsvert með innleiðingu og síðar með endurskoðun á Evrópustöðlum. Þó að ökutæki hafi almennt skilað umtalsverðri losunarskerðingu fyrir allt svið mengunarefna sem reglur gilda um var svo ekki með losun köfnunarefnisoxíða frá dísilhreyflum, einkum frá léttum ökutækjum. Því er þörf fyrir aðgerðir til að leiðrétta þetta ástand.
- 5) „Temprunarbúnaður“, eins og hann er skilgreindur í 10. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007, sem dregur úr mengunarförnum, er bannaður. Nýliðnir atburðir hafa beint athygli að þörfinni fyrir að styrkja framfylgd að því er þetta varðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 109, 26.4.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjútíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjútíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

Því er rétt að krefjast betra eftirlits með mengunarvarnaraðferðunum sem framleiðendur beita við gerðarviðurkenningu, samkvæmt meginreglunum sem þegar er beitt fyrir þung ökutæki í samræmi við Euro VI-reglugerð (EB) nr. 595/2009 og framkvæmdarráðstafanir hennar.

- 6) Það að takast á við vandamálið sem losun köfnunarefnisoxíða frá dísilknúnum ökutækjum skapar ætti að vera innlegg í að draga úr núverandi þrálátum háum gildum köfnunarefnisvíoxíðs í andrúmslofti, en þau eru mikið áhyggjuefni í tengslum við heilbrigði manna.
- 7) Í janúar 2011 setti framkvæmdastjórnin á fót vinnuhóp með þátttöku allra hlutaðeigandi hagsmunaaðila, til að þróa prófunaraðferð fyrir losun í raunverulegum akstri sem endurspeglar betur losun eins og hún mælist úti á vegum. Í þessum tilgangi og að loknum ítarlegum tæknilegum viðræðum hefur þeim kosti sem er lagður til í reglugerð (EB) nr. 715/2007, þ.e. að nota færanleg mælikerfi fyrir losun ásamt losun innan marka, verið fylgt.
- 8) Samkvæmt samkomulagi sem náðist við hagsmunaaðila í CARS 2020-ferlinu ⁽¹⁾ ætti að innleiða prófunaraðferðir fyrir losun í raunverulegum akstri í tveimur áföngum: á fyrsta umbreytingartímabili ætti einungis að beita prófunaraðferðunum til eftirlits og síðar meir ætti að beita þeim ásamt bindandi meginreglugerðum um losun í raunverulegum akstri fyrir allar nýjar gerðarviðurkenningar og ný ökutæki.
- 9) Prófunaraðferðir fyrir losun í raunverulegum akstri voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/427 ⁽²⁾. Nú er nauðsynlegt að setja meginreglugerð um losun í raunverulegum akstri til að takmarka losun gegnum endarör við öll venjuleg notkunarskilyrði sem varða þau losunarmörk sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 715/2007. Í þeim tilgangi ætti að taka tillit til tölfræðilegrar og tæknilegrar óvissu í mælingaraðferðunum.
- 10) Til að gera framleiðendum kleift að aðlaga sig smám saman að reglum um losun í raunverulegum akstri ætti að innleiða meginreglugerð um losun í raunverulegum akstri í tveimur áföngum. Í fyrri áfanganum, sem ætti að taka gildi 4 árum eftir dagsetningu skyldubeitingar Euro 6-staðlanna, ætti samræmisstuðullinn 2,1 að gilda. Seinni áfanginn ætti að hefjast einu ári og fjórum mánuðum á eftir fyrri áfanganum og í honum ætti að krefjast fulls samræmis við viðmiðunarmörkin 80 mg/km fyrir losun köfnunarefnisoxíðs sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 715/2007 ásamt vikmörkum til að taka tillit til annarrar mælióvissu sem tengist notkun á færanlegum mælikerfum fyrir losun.
- 11) Þó mikilvægt sé að prófanir á losun í raunverulegum akstri geti mögulega náð til allra hugsanlegra akstursaðstæðna ætti að forðast að aka prófunarökutækjunum á hlutdrægan hátt, þ.e. með það fyrir augum að þau annað hvort standist prófunina eða ekki, ekki vegna tæknilegrar frammistöðu ökutækisins heldur vegna öfgafulldra akstursmynstra. Því eru innleidd samsvarandi jaðarskilyrði fyrir prófanir á losun í raunverulegum akstri til að takast á við slíkar aðstæður.
- 12) Vegna eðlis þeirra geta akstursaðstæður, sem upp koma meðan einstakar ferðir með færanlegu mælikerfi fyrir losun standa yfir, ekki að öllu leyti samsvarað venjulegum notkunarskilyrðum ökutækis. Því getur styrkur mengunarvarna verið mismikill í slíkum ferðum. Því mætti í framtíðinni, og til að taka tillit til tölfræðilegrar og tæknilegrar óvissu í mælingaraðferðunum, íhuga að fram komi, í mörkum fyrir losun innan marka fyrir einstakar ferðir með færanlegu mælikerfi fyrir losun, sérkenni þessara ferða sem er lýst með tilteknum mælanlegum þáttum, t.d. í tengslum við hreyfifræði aksturs eða vinnuálag. Ef þeirri meginreglu er beitt ætti það ekki að leiða af sér veikari umhverfisáhrif og markvirkni aðferðanna við prófun á losun í raunverulegum akstri, sem sýna ætti fram á með jafningjarýndri vísindalegri rannsókn. Við matið á styrk mengunarvarna meðan á ferð með færanlegu mælikerfi fyrir losun stendur ætti þar að auki einungis að taka tillit til mæliþátta sem hægt er að rökstyðja með hlutlægum vísindalegum ástæðum en ekki einungis kvörðun hreyfilsins eða mengunarvarnaráðarins eða mengunarvarnarkerfanna.
- 13) Loks skal, að teknu tilliti til þarfarinnar á því að stjórna losun köfnunarefnisoxíðs í þéttbýli, leggja sterka áherslu á að íhuga að breyta hlutfallslegu vægi þeirra þátta prófunar vegna losunar í raunverulegum akstri sem varða þéttbýli, dreifbýli og hraðbrautir til að tryggja að ná fram raunverulega lágum samræmisstuðli til að skapa frekari jaðarskilyrði í tengslum við hreyfifræði aksturs í þriðja reglubálinum um prófanir vegna losunar í raunverulegum akstri, og fyrir ofan þau skulu hin rýmkuðu skilyrði gilda frá og með innleiðingardagsetningum fyrra þrepsins.

⁽¹⁾ Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „CARS 2020: Aðgerðaáætlun um samkeppnishæfan og sjálfbæran bílaíðnað í Evrópu“

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/427 frá 10. mars 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 6) (Stjtið. ESB L 82 31.3.2016, bls. 1).